

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Heiðursdoktorar við hjúkrunarfræðideild

Það helsta í blaðinu:

- **Heiðursdoktorar við hjúkrunarfræðideild**
- **Styrkir veittir úr RIM**
- **Hjúkrun 2011**
- **Peningagjöf til RIM**
- **Bókarkynning: Family Nursing in Action**



Guðrún Kristjánsdóttir, deildarforseti hjúkrunarfræðideildar, Margaret E. Wilson, Connie White Delaney og Sigurður Guðmundsson, forseti heilbrigðisvísindasviðs

Þann 6. október voru Connie White Delaney, prófessor og deildarforseti hjúkrunarfræðideildar Háskólans í Minnesota, og Margaret E. Wilson, prófessor emeritus við hjúkrunarfræðideild Háskólans í Nebraska sæmdar heiðurs-

doktorsnafnbót við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Connie White Delaney hlaut nafnbótina fyrir vísindaframlag á sviði upplýsingatækni í hjúkrun og vegna framlags til uppbyggingar og þróunar framhaldsnáms á fræðasviðinu, m.a. við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Margaret E. Wilson hlaut heiðursdoktorsnafnbót fyrir vísindaframlag á sviði barnahjúkrunar og vegna framlags hennar til uppbyggingar og þróunar framhaldsnáms á fræðasviðinu, m.a. við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Athöfnin fór fram í hátíðarsal Háskóla Íslands. Sigurður Guðmundsson, forseti heilbrigðisvísindasviðs setti athöfnina og Guðrún Kristjánsdóttir deildarforseti hjúkrunarfræðideildar flutti ávarp.

Styrkir veittir úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur

Þrjú doktorsnemar í ljósmóður- og hjúkrunarfræðum hlutu styrki úr Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur á degi hjúkrunarfræðideildar sem haldinn var 3. október síðast liðinn.




Guðrún Kristjánsdóttir, forseti hjúkrunarfræðideildar, Sigrún Sigurðardóttir styrkhafi, Brynja Ingadóttir styrkhafi, Sigfríður Inga Karlsdóttir styrkhafi, Ingibjörg R. Magnúsdóttir, stofnandi Rannsóknasjóðs Ingibjargar R. Magnúsdóttur, og Sóley S. Bender, formaður stjórnar sjóðsins.

Styrkhafarnir voru: Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun aðgerðasjúklinga við skurðlækningasvið Landspítala háskóla-sjúkrahúss og klínískur lektor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, Sigfríður Inga Karlsdóttir, ljósmóðir og lektor við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Sigrún Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur. Heildarupphæð styrkjanna nam einni milljón króna. Þetta var í fjórða sinn sem úthlutað var úr sjóðnum sem var stofnaður við Háskóla Íslands í júní árið 2007.

Rannsóknasjóður Ingibjargar R. Magnúsdóttur vinnur að því að efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum og veitir sjóðurinn styrki til rannsóknaverkefna sem samræmast markmiðum sjóðsins. Ingibjörg R. Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur og stofnandi sjóðsins, er fyrrverandi námsbrautarstjóri í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Hægt er að styrkja sjóðinn með ýmsu móti t.d. vegna árangragsafmæla eða útskriftar. Fjárhæðir má leggja inn á eftirfarandi bankareikning hjá Íslandsbanka: 0513-26-004057. Kenntala styrktarsjóða HÍ er: 571292-3199. Nánari upplýsingar veitir: Margrét Björnsdóttir verkefnisstjóri RSH, margbjo@hi.is, sími: 525-5280.

Hjúkrun 2011

Vísindaráðstefnan Hjúkrun 2011 fór fram á Akureyri dagana 29.-30. september. Ráðstefnan var haldin í samstarfi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hjúkrunarfræðideildar HÍ, heilbrigðisvísindasviðs HA og FSA. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Öryggi, gæði og forvarnir. Fjöldi áhugaverðra fyrirlestra, vinnusmiðja og veggspjalda var á ráðstefnunni. Alls voru fyrirlestrar 75, vinnusmiðjur 10 og veggspjöld yfir 40. Metþátttaka var á ráðstefnunni og þótti hún vel heppnuð.



50 ára útskriftarárangur. Jónína Garðarsdóttir, Guðríður Sveinsdóttir, Ingibjörg R. Magnúsdóttir og Guðbjörg Ásgeirsdóttir. Á myndina vantar Nönnu Jónasdóttur, Ósk Jóhannsdóttur og Camillu Jónsdóttur.

Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttir færð gjöf

Í tilefni 50 ára útskriftarafmælis færði útskriftarárangur Ingibjargar R. Magnúsdóttur rannsóknasjóðnum að gjöf 150.000 krónur. Gjöfin var afhent á degi hjúkrunarfræðideildar 3. október. Gjafir sem þessar eru afar mikilvægar til þess að byggja upp sjóðinn en markmið hans er að efla rannsóknir í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum.

Hægt er að styrkja sjóðinn með ýmsu móti t.d. vegna árgangsafmæla eða útskriftar. Nánari upplýsingar veitir: Margrét Björnsdóttir verkefnisstjóri RSH, margbjo@hi.is, sími: 525-5280.

Family Nursing in Action komin út

Nýlega kom út bókin Family Nursing in Action í ritstjórn Erlu Kolbrúnar Svavarsdóttur og Helgu Jónsdóttur, prófessora við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Í bókinni er fjallað um rannsóknir í fjölskylduhjúkrun sem eiga sér uppsprettu í margbreytilegum klínískum aðstæðum og ólíkum heilbrigðiskerfum. Þrjú meginþemu bókarinnar eru:

- Lýsandi rannsóknir með áherslu á aðferðafræði
- Meðferðarrannsóknir í fjölskylduhjúkrun
- Þjónustumódel í fjölskylduhjúkrun

Í bókinni er nýjasta þekking innan fjölskylduhjúkrunar í alþjóðlegu samhengi lýst, sem gerir bókina að ómetanlegri heimild fyrir hjúkrunarfræðinga en einnig fyrir nemendur grunn- og framhaldsnámi í hjúkrunarfræði. Bókin skiptist í 15 kafla eftir höfunda sem koma víðs vegar að, frá sex löndum í fjórum heimsálfum, og því sameinast í henni víðtæk alþjóðleg þekking.



Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala heyrir undir hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stofnunin er sjálfstæð með eigin reglur og sérstaka stjórn. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að styðja við og efla rannsóknir kennara við hjúkrunarfræðideild og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala.

Í stjórn RSH sitja:
Sóley S. Bender,
formaður
Rúnar Vilhjálmsson
Eydís Sveinbjarnardóttir
Sigríður Gunnarsdóttir,
varamaður

Starfsmenn RSH eru:
Guðný Bergþóra
Tryggvadóttir og
Margrét Björnsdóttir

Ritstjóri Rannsóknafréttar:
Margrét Björnsdóttir
Eirbergi, Eiríksögutu 34
101 Reykjavík
Sími: 525 5280
Netfang: margbjo@hi.is

